

Þróunarsjóður innflytjendamála 2015-16

Development Fund for Immigration Issues

Heiti verkefnis: LAP- virkt tvítyngi grunnur að betri líðan og þátttöku barna og fjölskyldna í fjölmenningsarsamfélagi

Nafn styrkþega: Leikskólinn Krílakot

Útdráttur:

Í Dalvíkurbyggð er íbúasamsetning fjölbreytt og vaxandi fjöldi íbúa er af erlendum uppruna. Á Krílakoti eru um það bil 28% barnanna af erlendum uppruna, 6 starfsmenn og 11 tungumál eru töluð í leikskólanum. Í Dalvíkurskóla er 16% barna af erlendum uppruna og einn starfmaður. Í samfélaginu okkar og þá sérstaklega í skólunum hafa verið stigin mörg skref í átt að því að mæta fjölbreyttum íbúahópi.

Eftir að stjórnendur fóru og kynntu sér fjölmenningu á ráðstefnu í Toronto þar sem þeir hittu Romu Chumak-Horbatsch sem skrifaði bókina Linguistically Appropriate Practice, skammstafað LAP. Var ákveðið að þiggja boð Romu um að Krílakot yrði þátttakandi í fjölþjóðlegri samanburðarrannsókn hennar um innleiðingu á LAP.

Í byrjun lásu allir kennarar og starfsfólk leikskólans um aðferðafærðina LAP en þeir sem treystu sér ekki að lesa á ensku fengu kynningu á efni bókarinnar og aðferðafærðinni. Vinnufundir voru með kennurum og foreldrum var kynnt verkefnið. Kennara útbjuggu merkingar og foreldrar þýddu innihald þeirra og ýmis orð sem við notuðum í þessari vinnu. Einnig fengum við stafróf hvers tungumáls og töluorðin upp í 10 hjá foreldrum. Kæmi barn frá landi þar sem ritmálið er mjög frábrugðið okkar letri fengum við foreldra til að skrifa fyrir okkur t.d. nafn barnsins. Kennarar lögðu sig fram um að læra einföld orð á tungumáli barnanna og hvetja þau til að kenna hinum börnunum ýmis orð til að byggja brú á milli tungumála. Börn með íslensku að móðurmáli voru jafngildir þátttakendur og þau börn sem áttu annað móðurmál, allir unnu öll verkefni.

Verkefnið gekk vel þegar á heildina er litið og flestum markmiðum var náð. Margar skemmtilegar hugmyndir komust í framkvæmd. Verkefnum með verkefnalýsingum hefur verið safnað saman í sérstaka verkefnamöppu sem enn er í vinnslu og áætlað er að ljúka núna í september.